

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heitavatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 2 400.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Gisli Einarsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245, 8. júní 1977  
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 12 568.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Gisli Einarsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390,  
6. nóvember 1976 með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 7 700.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlað hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.